


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 3	ÍSLE2KB05 Fjarnám Námsáætlun vor 2017	

Kennari	Rannveig Karlsdóttir	Sk.st.	RAN
----------------	----------------------	---------------	-----

Straumar og stefnur í íslenskum bókmenntum frá landnámi til nútímans

Áfangalýsing

Í þessum áfanga er fjallað um upphaf og sögu íslenskrar ritmenningar og þróun hennar fram til nútímans. Fjallað verður um íslenska bókmenntasögu og hin ýmsu tímabil hennar. Lesnir verða valdir bókmenntatextar frá umræddum tímabilum, unnið með þá með ýmsu móti og leitast við að setja íslenskar bókmenntir í samhengi við evrópskar bókmenntir og menningu. Nemendur verða jafnframt þjálfðir í notkun bókmenntahugtaka og heimildavinnu. Áhersla lögð á fjölbreytt og skapandi verkefni sem nemendur vinna, ýmist hver fyrir sig eða með öðrum, og reyna á sjálfstæð vinnubrögð og hæfni nemenda, auka viðsýni og gagnrýna hugsun. Viðfangsefni verða tengd við menningarviðburði í nærsamfélaginu eftir því sem færi gefst.


Markmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- upphafi íslenskrar ritmenningar
- íslenskri bókmenntasögu frá landnámi til nútímans
- mismunandi tegundum bókmennta
- nokkrum lykilverkum íslenskra bókmennta
- tengslum íslenskra bókmennta við evrópska menningu
- grunnhugtökum í bókmenntafræði
- notkun hjálpargagna og heimilda og mati á gildi heimilda

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa bókmenntatexta frá ýmsum tímum sér til gagns
- greina bókmenntatexta frá ýmsum tímum og fjalla um inntak þeirra á skapandi hátt
- beita algengum stílbrögðum í tal- og ritmáli
- nota heimildir og hjálpargögn með markvissum hætti
- flytja af öryggi lýsingar og kynningar á verkefnum sínum, hver fyrir sig og með öðrum
- nota heimildir af ýmsu tagi og geta fléttað efni þeirra saman við eigin viðhorf og ályktanir á heiðarlegan hátt

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ	ÍSLE2KB05 Fjarnám	
Síða 2 af 3		

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- taka þátt í málefnalegum umræðum í tengslum við verkefnavinnu og -skil, tjá afstöðu sína og efasemdir um efnið og komast að rökstuddri niðurstöðu
- túlka texta þótt merkingin liggi ekki á yfirborðinu
- beita skýru, vönduðu og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti
- vinna skapandi verkefni í tengslum við námsefnið

Námsgögn:

Ekki verður stuðst við ákveðnar kennslubækur en nemendum þess í stað vísað á þær bækur/kennslubækur sem til eru um þessi tímabil. Þó er mælt með að nemendur eigi og noti **Handbók um ritun og frágang** e. Ingibjörgu Axelsdóttur og Þórunni Blöndal frá árinu 2010 (MM). Einnig verður stuðst við **ÍSLE2KB05, hefti með sameiginlegum textum** sem fæst á skrifstofu VMA og er aðgengilegt á vef námskeiðsins.

Áætlun um yfirferð

1. Iota 1. febrúar – 22. febrúar (3 vikur) Miðaldir

Inngangur, kynning. Stutt innlegg og umfjöllun um bókmenntasögu miðalda og Íslandssögu. Lesnir lykiltexar í leshefti og unnin stutt verkefni. Nemendur taka síðan Moodle próf í lotulok sem gildir 10% af lokaeinkunn áfangans.

Vægi lotunnar er 10%.

2. Iota 23. febrúar – 22. mars (4 vikur) Frá siðaskiptum til raunsæis Tímabilið 1550 – 1900.

a) Lærdómsöld og upplýsingaröld.

Stutt innlegg og umfjöllun um Íslands- og bókmenntasögu tímabilsins. Lesnir valdir lykiltexar.


b) Rómantik og raunsæi.

Stutt innlegg og umfjöllun um Íslands- og bókmenntasögu tímabilsins og fjallað um tengsl við aðrar listgreinar, svo og evrópskar bókmenntir. Lesnir valdir lykiltexar úr leshefti.

c) Verkefnavinna

Nemendur velja sér viðfangsefni úr framangreindum stefnum og vinna ítarlegt verkefni þar sem unnið skal og gengið frá samkvæmt öllum reglum um meðferð og skráningu heimilda. Verkefnið gildir 20% af lokaeinkunn.

Vægi lotunnar er 20%.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sambýkkt: SHJ		
Síða 3 af 3	ÍSLE2KB05 Fjarnám Námsáætlun vor 2017	

3. lota 23. mars – 5. maí (6 vikur) Nútímabókmenntir

a) Farið yfir helstu bókmenntastefnur 20. og 21. aldar og lesnir lykiltextar. Stefnurnar eru síðan skýrðar og skilgreindar í stuttum verkefnum sem nemendur skila. **Vægi til lokaeinkunnar 8%**

b) Tímabilið 2000- 2015. Bókmenntir samtímans.

Stutt innlegg og umfjöllun um bókmenntir síðustu áratuga. Nemendur velja sér viðfangsefni (heildstæð verk) frá framangreindu tímabili og vinna skapandi verkefni úr þeim. **Vægi til lokaeinkunnar 12%.**

Samanlagt vægi lotunnar er 20%.

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
1. lota Miðalda- bókmenntir	Moodle próf úr efni lotunnar.	10%	
2. lota Frá siðaskiptum til raunsæis	Unnin verkefni úr bókmenntatextum þeirra fjögurra tímabila sem til umfjöllunar eru (lærdómsöld, upplýsingaröld, rómantík og raunsæi) þar sem fylgt skal öllum reglum um meðferð, frágang og skráningu heimilda.	20%	
3. lota Nútíma- bókmenntir	a) Unnið stutt verkefni um helstu bókmenntastefnur 20. og 21. aldar.	8%	
	b) Unnin skapandi verkefni að eigin vali úr viðfangsefnum framangreindra tímabila.	12%	
Lokapróf	Lokapróf úr efni 1., 2. og 3. lotu.	50%	
	Samtals:	100%	

Dagsetning: 1. febrúar 2017

Rannveig Karlsd.
Undirritun kennara

Asbjörg Benadilsd.
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils